

STJÓRN STRÆTÓ BS.

241. fundur. Mánudaginn 4. apríl 2016 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Þönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir stjórnarformaður, Sigrún Edda Jónsdóttir, Einar Birkir Einarsson, Kristín Soffía Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason og Sverrir Óskarsson. Fundinn sat Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, sem ritaði fundargerð. Formaður bauð nýjan fulltrúa Kópavogs í stjórn Strætó, Sverri Óskarsson, velkominn til starfa en hann hefur tekið sæti Theódóru S. Þorsteinsdóttur í stjórninni. Theódóra er nú varafulltrúi Kópavogs í stjórn.

Dagskrá fundar:

1. Skipurit Strætó
2. Sumaráætlun 2016
3. Farþegatalningar
4. Öryggis-, heilsu og vinnuvernd
5. Ársfundur Strætó
6. Ríkissamningur, framvindumat
7. Dómsmál
8. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Skipurit Strætó
Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirhugaðar breytingar á skipuriti Strætó. Stefnt er að því að nýtt skipurit verði lagt fyrir stjórnarfund í apríl til samþykktar.
2. Sumaráætlun 2016
Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra, dags. 30.03.2016, þar sem kynntar eru breytingar á akstri Strætó sumarið 2016. Gert er ráð fyrir að sumaráætlun taki gildi 29. maí nk. Ástæða breytingar á akstri er annars vegar krafa um hagræðingu í rekstri og hins vegar erfiðleikar við að manna störf vagnstjóra.
Stjórn samþykkir kynntar breytingar á akstri sumarið 2016.
3. Farþegatalningar
Lögð var fram greinargerð Daða Ingólfssonar, yfirmanns upplýsingatæknimála Strætó, dags. 23.03.2016, um farþegatalningar og innheimtu fargjalda í Strætó. Í greinargerðinni er farið yfir möguleika sem í boði eru varðandi framtíðarfyrirkomulag farþegatalninga og rafrænnar greiðslu í Strætó. Að mati stjórnenda Strætó þarf nauðsynlega að koma upp rafrænu farþegatalningarkerfi í vagna á höfuðborgarsvæðinu sem allra fyrst til að ákvarðanir um breytingar á leiðarkerfi Strætó séu byggðar á traustum upplýsingum.
Stjórn samþykkir að framkvæmdastjóri fari í verðkönnun á rafrænu farþegatalningarkerfi í samræmi við fyrsta fasa í framlagðri greinargerð.
4. Öryggis-, heilsu og vinnuvernd
Bergdís I Eggertsdóttir, verkefnisstjóri á fjármálasviði, fór yfir stöðu öryggis-, heilsu- og vinnuverndar hjá Strætó.
5. Ársfundur Strætó
Umfjöllun um fyrirkomulag ársfundar Strætó en skv. gr. 5.2.1 í eigendastefnu byggðasamlagsins skal haldinn ársfundur opin almennungi í tengslum við aðalfund ársins. Framkvæmdastjóra er falið að finna dagsetningu fyrir fundinn.
6. Ríkissamningur, framvindumat

Í samningi SSH við Vegagerðina o.fl., dags. 7. maí 2012, um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, er kveðið á að framvinda og árangur af verkefninu sé metinn með kerfisbundnum hætti eigi sjaldnar en við reglubundna endurskoðun samningsins á tveggja ára fresti, fyrir 1. apríl 2014, 2016, 2018 o.s.frv. Samkvæmt samningnum hefur sérstakur stýrihópur það hlutverk að hafa yfirumsjón með framkvæmd og úrvinnslu verkefnisins. Stýrihópurinn skipa Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri, Ellý Katrín Guðmundsdóttir, borgarritari og Sigurbergur Björnsson, skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir vinnu við mat á framvindu og árangur verkefnisins 2016, sem starfsmenn Strætó, SSH og verkfræðistofunnar Mannvits hafa unnið að undanfarnar vikur fyrir stýrihópurinn. Gert er ráð fyrir að skýrsla stýrihópsins verði lögð fram á næsta fundi stjórnar SSH og send stjórn Strætó í kjölfarið.

7. Dómsmál

Fyrir fundinum lá niðurstaða í dómsmáli Teits Jónssonar ehf. gegn Strætó bs. (nr. E1055/2014) sem höfðað var í kjölfar þess að Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar ákvað í mars 2010 að hafna tilboði fyrirtækisins í útboði á akstri Strætó á höfuðborgarsvæðinu. Málið var höfðað í mars 2014 og var dómur kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur 31. mars 2016. Stefnandi krafðist þess að viðurkenndur væri réttur hans til skaðabóta.

Guðmundur Siemsen, lögmaður Strætó í málinu, mætti til fundar við stjórn og fór yfir dóminn.

Samþykkt var að lögmaðurinn fari yfir forsendur og niðurstöður dómsins með fulltrúum VSÓ Ráðgjafar sem veitti Strætó ráðgjöf í málinu á sínum tíma.

8. Önnur mál

a) Mælaborð, yfirlit yfir helstu lykilstærðir í rekstri janúar og febrúar 2016, lagt fram.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:10

Fylgiskjöl:

- Mælaborð, dagsett 4. apríl 2016
- Héraðsdómur Reykjavíkur, mál nr. E-1055/2014, dómur 31. mars 2016
- Minnisblað, sumaráætlun 2016, dagsett 30. mars 2016
- Greinagerð, rafrænar farþegatalningar, dagsett 23. mars 2016

Bryndís Haraldsdóttir
Gunnar Valur Gíslason
Einar Birkir Einarsson

Kristín Soffía Jónsdóttir
Sigrún Edda Jónsdóttir
Sverrir Óskarsson